

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag á hafnarsvæði H-1, Strandvegur 14A.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti þann 16. apríl 2020 breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði H-1. Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á byggingarskilmálum reits nr. D1 á lóð Ísfélags Vestmannaeyja við Strandveg 14A.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breytt deiliskipulag miðbæjar (2. áfangi).

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti þann 9. júlí 2020 breytingu á seinni áfanga deiliskipulags á miðsvæði M-1. Samþykkt tillaga gerir ráð fyrir breytingum á svæðismörkum skipulags.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar, 30. september 2020,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 16. október 2020